 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p>Orlofstaka starfsfólks</p> <p>Verklagsreglur byggðar með hliðsjón af lögum um orlof nr. 30/1987, 11. gr. laga um réttindi og skyldur nr. 70/1996 og kjarasamningum.</p>	<p>Dags. 20.05.2005 Bls. 1 af 2 Höf. GJG/SV Ábm. GJG Samþ. í háskólaráði 12.05.2005</p>
--	--	--

1. Tilgangur og gildissvið

Verklag þetta er mótað til að stuðla að samræmdri framkvæmd við orlof og orlofstöku starfsfólks Háskóla Íslands. Verklagsreglurnar eru unnar með hliðsjón af lögum um orlof nr. 30/1987, 11. gr. laga um réttindi og skyldur nr. 70/1996 og kjarasamningum. Verklagið gildir um orlofstöku starfsfólks, annarra en kennara. Orlofstaka er réttur starfsmanns og er verklagsreglunni ætlað að tryggja að starfsfólk njóti þess réttar að taka orlof á sumarorlofstíma.

2. Orlofstímabil

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Með starfi sínu á orlofsárinu ávinnur starfsmaður sér rétt til orlofs og orlofslauna á næsta orlofsári. Sumarorlofstímabil er almennt frá 2. maí til 15. september. Vegna eðlis stofnunarinnar og í samræmi við kjarasamninga er gert ráð fyrir að starfsmenn taki orlof á þeim tíma enda er það kjarasamningsbundinn réttur þeirra.

3. Undirbúningur töku orlofs

Í nóvember sendir launadeild tilkynningu til starfsfólks um hve marga orlofsdaga það á frá síðasta orlofsári og hve margir þeirra fynnist við upphaf næsta orlofsárs hafi þeir ekki verið nýttir fyrir 2. maí. Þetta er gert í því augnamiði að hver starfsmaður geti skipulagt orlofstöku að vetri, í samráði við yfirmann sinn, svo ekki þurfi að koma til fyrningar á orlofi. Í byrjun apríl ár hvert sendir launadeild starfsfólki upplýsingar um hve marga orlofsdaga það á til töku á komandi sumarorlofstímabili.


4. Orlofstaka

Áætlun um orlofstöku starfsmanna skal liggja fyrir í síðasta lagi um miðjan apríl ár hvert. Verði því við komið vegna starfa viðkomandi starfseiningar er yfirmanni skylt að verða við óskum starfsmanna. Komi ekki sérstakar óskir frá starfsmönnum getur yfirmaður ákveðið hvenær viðkomandi tekur orlof.

Yfirmenn skulu mælast til þess við starfsfólk viðkomandi starfseiningar að a.m.k. 75% orlofs verði tekið á sumarorlofstímabili, það er 18 dagar af 24, 20 dagar af 27 eða 22 dagar af 30 eða þannig að það raski starfsemi stofnunarinnar sem minnst

Ekki er heimilt að flytja fleiri en 8 daga milli orlofsára nema með skriflegu samþykki yfirmanns og aldrei meira en kveðið er á um í kjarasamningum.

Mælst er til þess að starfsmenn sem taka fæðingar- eða foreldraorlof á sumarorlofstíma ákveði hvenær þeir taka sumarorlof áður en þeir fara í leyfi og leitist við að taka það í beinu framhaldi af fæðingar-og foreldraorlofi. Sama á við um önnur leyfi sem starfsmenn taka til lengri tíma.

	<p>Orlofstaka starfsfólks</p> <p>Verklagsreglur byggðar með hliðsjón af lögum um orlof nr. 30/1987, 11. gr. laga um réttindi og skyldur nr. 70/1996 og kjarasamningum.</p>	<p>Dags. 20.05.2005 Bls. 2 af 2 Höf. GJG/SV Ábm. GJG Samþ. í háskólaráði 12.05.2005</p>
---	--	--

5. Gildistaka

Verklagi samkvæmt þessum reglum verður fylgt frá og með 1. janúar 2005.

Tilvísanir

- Lög um orlof nr. 30/1987
- 11. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996
- Ákvæði í kjarasamningum um orlof